

92. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 27. maí 2003. Mætt voru Elísabet L. Björgvinsdóttir, Hafsteinn Sigurðsson, Margrét Ásgeirsdóttir og Sævar Harðarson.

Dagskrá:

1. Líðandi skólaár.
2. Næsta skólaár.
3. Önnur mál.

1. Líðandi skólaár.
Farið var yfir viðburði á vorönn.
Þrír nemendur í söngnámi tóku stigspróf, 26 nemendur þreyttu próf í tónfræði, hljóðfærastigspróf 1, 2 og 3 tóku 27 nemendur, píanóstigspróf 3 og 4 tóku 5 nemendur.
Fyrsti vortónfundur tónlistarskólans er þann 28. maí og annar vortónfundur verður 29. maí, vortónleikar og skólaslit verða 29. maí í Stykkishólmskirkju kl. 17:00.
2. Næsta skólaár.
Ráðningar starfsmanna hafa verið staðfestar og koma þau til starfa í ágúst. Haldið verður áfram að vinna að því að fá húsnæði fyrir kennarana og lítur það vel út með það.
3. Önnur mál.
Rætt var um kaup á lúðrasveitarhljóðfærum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 20:38.

Sævar Harðarson (sign.),
Hafsteinn Sigurðsson (sign.),
Margrét Ásgeirsdóttir (sign.),
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.).

Íhs.